

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn 1. september 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir. Fundurinn var haldinn með stjórn foreldrafélags Glerárskóla og mættu fjórir fulltrúar þaðan.

Hverfishátíð í samstarfi við foreldrafélag Glerárskóla

Farið yfir stöðu mála varðandi hverfishátíð og undirbúning hennar. Foreldrafélagið var búið að undirbúa dagskrá fyrir börnin og skipta niður verkum milli bekkjarráða. Á fundinum var gengið frá ýmsum lausum endum varðandi hátíðina og verkaskipting ákveðin.

Hátíðin verður auglýst í Dagskránni þann 3. september.

Ritað 2. september 2008

Helga Aðalgeirsdóttir



Hausthátíð
Holta- & Hlíðahverfis

Laugardaginn 6. september verður haldin hverfishátíð við Glerárskóla í samstarfi Hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis og Foreldrafélags Glerárskóla

Dagskrá:

10.30-11.00	Reiðhjólafólk safnast saman við Glerárskóla. Hjólað verður um hverfið og hverfisbúar minntir á hátíðina
11.00-14.00	Hverfishátíðin við Glerárskóla. Tombóla, andlitsmálun, hjólaþrautabraut, veitingar, tónlistaratriði, hraðskákmót o.fl.
12.00-13.30	Gönguferð um Glerárhverfi með leiðsögn í boði Minjasafns Akureyrar. Lagt af stað frá Glerárskóla og endað við Glerárvirkjun
13.00-14.00	Glerárvirkjun opin fyrir almenning. Starfsmaður frá Norðurorku verður á staðnum og veitir upplýsingar um virkjunina

Veitingar: Kaffi, vöffur og íspinnar verða til sölu og rennur ágóði í ferðasjóð nemenda 10. bekkjar í Glerárskóla en krakkarnir fá friar pylsur og Svala.

Hvetjum alla nemendur í Glerárskóla og hverfisbúa, unga sem aldna til að mæta og skemmta sér saman. Verum klædd eftir veðri og tökum garðstóla og teppi með

Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis og Foreldrafélag Glerárskóla

